

Ágrip af sögu fyrirtækisins.

Sandblástur og málmhúðun sf. var stofnað á Akureyri í febrúar árið 1960 af bræðrunum Jóhanni og Aðalgeiri Guðmundssonum. Fyrstu árin var fyrirtækið til húsa í gömlum leigubragga við Sjávangötu og voru starfsmennirnir tveir. Á meðan fyrirtækið var þar, var sandblástur og sprautu-zinkhúðun aðalstarfsemi þess, og er þaðan komið upphaflegt nafn þess.

Árið 1965 var flutt í nýtt húsnæði við Árstíg 6 þar sem fyrirtækið er staðsett enn þann dag í dag. Eftir flutningana var járnsmíði bætt við starfsemina og var smíði ljósastaura stærsti hluti smíðinnar, sem enn er stór hluti af starfsemi fyrirtækisins. Áfram hélt uppbygging fyrirtækisins. Árið 1972 var húsnæðið stækkað um helming með byggingu kerskála þar sem heitzinkhúðun fer fram og var sú bygging stækkuð 1988.

Innflutningur á stáli var hafinn árið 1989 og skömmu síðar var byggt lagerhúsnæði og nýr sandblástursklefi á lóðinni. Lagerhúsnæðið var síðan stækkað um helming árið 1998, og fór þar fram heildsala og smásala með stál og ýmsar vörur tengdar málmíðnaði. Með kaupum á Íþróttaskemmum árið 1999, sem stóð á aðliggjandi lóð, bættist enn frekar við reksturinn, opnuð var verslun með rekstrarvörur, og auk verslunar og lagers fyrir ál og ryðfrítt stál var þar innréttuð núverandi aðalskrifstofa fyrirtækisins.

Árið 1991 stofnuðu eigendurnir í samvinnu við aðra aðila heildsölufyrirtækið Ferro Zink hf. í Hafnarfirði, sem frá byrjun einbeitti sér að innflutningi og sölu á stáli á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið Damstahl hf. var keypt og sameinað rekstri Ferro Zink hf. árið 2001. Eftir að Ferro Zink hf. var að fullu komið í eigu Sandblásturs og málmhúðunar hf. voru fyrirtækin sameinuð í ársbyrjun 2008 undir nafninu Ferro Zink hf.

Í dag fer starfsemin á Akureyri fram í 3.500 fermetra húsnæði á 20.000 fermetra lóð að Árstíg 6, og í Hafnarfirði fer starfsemin fram í 2.500 fermetra húsnæði á 10.000 fermetra lóð að Álphelli 12-14 þangað sem starfsemin var flutt í ársbyrjun 2009.

Í febrúar 2010 voru liðin 50 ár frá því að starfsemin hófst. Fyrirtækið hefur á þessum langa tíma vaxið og dafnað og hefur starfsmönnum fjölgað frá frumkvöðlunum tveimur við stofnun þess í rúmlega fimmtíu starfsmenn nú 50 árum síðar. Hefur það ávallt haldið tryggð við uppruna sinn og byggir rekstur þess í dag enn á þeim traustu undirstöðum sem reistar voru á fyrstu árum þess. Fyrirtækið hefur ávallt einbeitt sér að því að veita málmíðnaðarfyrirtækjum og öðrum iðngreinum sem besta og fjölbreyttasta þjónustu. Tryggðin við uppruna fyrirtækisins og upphaflegar áherslur kemur glögglega fram í blaðagrein frá 1960 um stofnun fyrirtækisins sem nú 50 árum síðar er enn í fullu gildi, en þar stendur orðrétt:

„Styður margar iðngreinar.

Sandblástur og málmhúðun kemur mjög mörgum iðngreinum að notum og er af þeirri ástæðu fagnaðarefni. En einnig er vonandi að hið nýja fyrirtæki verði eigendum sínum hið happasælasta.“

Júlí - Afmælistilboð

Kæru viðskiptavinir

Vegna fjölda áskorana höfum við ákveðið að endurtaka April-Afmælistilboð.

Þar sem að allar skifurnar kláruðust strax í upphafi tilboðs og fengu þar að leiðandi færri en vildu.



SKURÐARSKÍFA 125X1,0x22,23 20A60R-BF

AFMÆLISTILBOÐ



Vandaðar skurðarskífur frá COMET sérmerktar í tilefni af 50 ára afmæli fyrirtækisins. Þetta er skífa í hæsta gæðaklassa sem hefur sannað sig hjá kröfuhörðum íslenskum iðnaðarmönnum. Hér fer saman besta verðið og mestu gæði. Tilboð þetta gildir á meðan birgðir endast. Vörunr.: 7-TO299934
Upplag 10.000 stk.

Verð: 99 kr.



SKURÐARSKÍFA 125X1,6x22,23 20A46R-BF

AFMÆLISTILBOÐ



Vandaðar skurðarskífur frá COMET sérmerktar í tilefni af 50 ára afmæli fyrirtækisins. Þetta er skífa í hæsta gæðaklassa sem hefur sannað sig hjá kröfuhörðum íslenskum iðnaðarmönnum. Hér fer saman besta verðið og mestu gæði. Tilboð þetta gildir á meðan birgðir endast. Vörunr.: 7-TO299933
Upplag 10.000 stk.

Verð: 99 kr.



SLÍPISKÍFA 125x7x22,23 20A46R-BF

AFMÆLISTILBOÐ



Vandaðar slípiskífur frá COMET sérmerktar í tilefni af 50 ára afmæli fyrirtækisins. Þetta er skífa í hæsta gæðaklassa sem hefur sannað sig hjá kröfuhörðum íslenskum iðnaðarmönnum. Hér fer saman besta verðið og mestu gæði. Tilboð þetta gildir á meðan birgðir endast. Vörunr.: 7-TO299932
Upplag 5.000 stk.

Verð: 160 kr.



SKORPIO EXT SKURÐARSKÍFA 180x1,6x22,23 E20A46S-BF

AFMÆLISTILBOÐ



Vandaðar skurðarskífur frá COMET. Þetta er skífa í hæsta gæðaklassa sem hefur sannað sig hjá kröfuhörðum íslenskum iðnaðarmönnum. Hér fer saman besta verðið og mestu gæði. Tilboð þetta gildir á meðan birgðir endast. Vörunr.: 7-TO261721

Verð: 99 kr.



FLAPSASKÍFUR TILBOÐ

AFMÆLISTILBOÐ



Vandaðr SKORPIO flapsaskífur frá COMET. Hér fer saman besta verðið og mestu gæði. Tilboð þetta gildir á meðan birgðir endast. Vörunr.: 7-TO288202 KZ-40
Vörunr.: 7-TO288203 KZ-60
Vörunr.: 7-TO288720 KZ-80

Verð miðað við 10-99 stk.: **300 kr.**

Verð miðað við 100 stk. eða freiri: **250 kr.**



Tilboðið gildir í júlí 2010 eða á meðan birgðir endast.

Öll verð eru með vsk.

Ferro Zink hf. | Árstíg 6 | 600 Akureyri | sími 460 1500
| Álfrhelli 12-14 | 221 Hafnarfjörður | sími 533 5700